



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á Lýðheilsuþingi
26. september 2003**

Ágætu þingfulltrúar

Lýðheilsuþing er nýr vettvangur samræðu og stefnumótunar, umræðutorg þar sem áhugafólk og sérfræðingar, forystumenn í ábyrgðarstöðum koma saman til að fjalla um brýnar úrbætur í heilbrigðismálum okkar Íslendinga, öðlast nýja sýn á hvar skórinn kreppir en jafnframt til að meta að verðleikum árangurinn á mörgum sviðum, aðstoðina sem hér hefur þróast; horfa líka í aðrar áttir, sækja ráð í reynslusjóð sem Vesturlönd hafa eignast og vera rækilega minnt á erfiða glímu í öðrum álfum.

Lýðheilsa er snjöll þýðing á public health því eins og oft þegar vel tekst til gefur hið íslenska orð hugtakinu nýjar víddir.

Lýðheilsa tengist í huganum öðrum orðum sem mynduð eru á sama hátt: lýðræði; lýðveldi – skipan sem grundvölluð er á rétti fólksins, ræturnar í hugsjóninni um helgan rétt, mannréttindi, að allir eigi að vera jafnir.

Lýðræði var bylting gegn forréttindum, kenningunni um guðlegt vald konunganna, ítökum aðals og yfirstétta; fólkið ætti sjálft að ráða, stjórnskipun byggjast á vali þar sem framlag hvers og eins hefði sama vægi. Það væri enginn herradómur þjóðinni æðri.

Lýðveldi varð svo á síðustu öld það stjórnarform sem meirihluti ríkja heims kaus að fylgja. Þegar baráttan gegn nýlenduherrum og harðstjórn í skjóli hugmyndafræði leysti þjóðir úr fjötrum og færði þeim sjálfstæði og frelsi þá völdu þær nær allar lýðveldisformið.

Lýðheilsa er því orð sem sækir með réttu hugsjónatengsl í þessa arfleifð, minnir á að réttur fólksins var í upphafi og er enn undirstaða heilbrigðiskerfis; að samstaða náðist um að verja fé úr sjóði þjóðar til að

efla heilsu, lækna sjúka, haga forvörnum svo að sem flestum væri forðað frá heilsutjóni.

Sú velferð sem okkur þykir nú sjálfsögð, svo sjálfsögð að hún er raunar orðin samgróin sjálfsvitund Íslendinga, var í árdaga síðustu aldar baráttumál sem átti á brattann að sækja; umræður, þrotlaus rökstuðningur og aflið sem fjöldahreyfing fólksins skóp réðu mestu um að sigur náðist.

Það er athyglisvert að sjá í þessari sögu hve margir lækna gerðust þá baráttumenn á þjóðmálavelli, sóttu umboð til alþingisstarfa, sátu í sveitarstjórnnum, kusu að vera sjálfir við þau borð þar sem ákvarðanir voru teknar. Þeir sóttu vald sitt beint til fólksins og töldu sjálfsagt að koma jafnan þar sem umræðan væri heitust.

Ég nefni sem dæmi tvo heiðursmenn og lækna í mínum fæðingarbæ Ísafirði: Vilmund Jónsson og Kjartan J. Jóhannsson, báðir áhrifamenn í bæjarstjórn og síðar kjörnir til þings, annar landlæknir í áratugi og formaður Manneldisráðs; hinn formaður fjárlaganefndar og Geðverndarfélag Íslands, svo að fátt eitt sé nefnt af þeirra fjölpættu störfum.

Báðir hefðu þeir og aðrir vaskir brautryðjendur á þessu sviði sómt sér vel á lýðheilsuþingi og fagnað því að eiga hér þarfan vettvang fyrir brýnar umræður um heilbrigðismál. Vonandi mun þingið festa sig í sessi á komandi árum, verða áhrifaafli í umræðum og stefnumótun, en líka opinn vettvangur þar sem fólk úr ólíkum áttum og með ólíka ábyrgð kemur saman til að fjalla um vandamál og samfélagsstrauma.

Við vitum öll að heilbrigðismálin eru á okkar tímum vettvangur átaka sem eiga sér ólíkar rætur, sum eru sprottin úr jarðvegi andstæðrar hugmyndafræði, togstreitunnar um vægi markaðsafla og samhjálpur í stefnumótun, sum eru tengd hagsmunatogi einstakra stétta og sérfræðihópa, önnur ólíkri sýn embættismanna og starfsfólksins á stjórn stofnananna, og sjúklingarnir og fjölskyldur þeirra hafa sem betur fer einnig minnt á sig og spurt með réttu hvort kjarninn í starfseminni eigi ekki að snúast um þá.

Það er táknið um breytta tíma að nú skuli sjúklingar eiga sér umboðsmann og fjölgað hafi hagsmunafélögum hinna sjúku og ættingja þeirra og þátttaka þessa fólks í umræðunni á eftir að vaxa á komandi árum, studd djúpstæðum skilningi á lýðræðislegum rétti þeirra til að láta í sér heyra.

Heilbrigðismálin þurfa því að vera opið svið þar sem sérhver sem telur sig eiga hlutdeild getur flutt sitt mál.

Lýðheilsuþing verður í þessum efnum sannkallað þarfauing, vitnisburður um þann lýðræðisanda sem ríkja verður á þessu sviði, en líka aflvaki sem nýst getur yfirvöldum ærið vel þegar kemur að ákvörðunum.

Það er einnig von mín að lýðheilsuþing sýni samkennd með öðrum þjóðum, einkum þeim sem í fátækt og örþirgð heyja baráttu við suma grimmostu sjúkdóma sem á mannkyn herja, von mín að lýðheilsuþing verði alþjóðlegt í nálgun sinni og taki mið af þeirri samþjálp sem við Íslendingar þurfum í vaxandi mæli að sýna öðrum, einkum þeim sem víða í Afríku bíða nú dauða síns þótt einföld læknishjálp og aðgangur að lyfjum geti gert þá heila á ný.

Það var nístandi frásögn sem prófessor Jeffrey Sachs flutti okkur í Hátiðarsal Háskóla Íslands fyrir skömmu. Lýsing hans á glímuni við eyðni, berkla og malaríu var um leið herhvöt til okkar um að láta þar til okkar taka. Ég hlýddi einnig í síðustu viku á umræður í New York þar sem læknar og hjúkrunarfólk, áhrifamenn í fjármálalífi og leiðtogar í fjölmiðlaflóru Ameríku ræddu hvernig hægt væri að efla stuðning við heilbrigðisstríðið í Afríku, báru það saman við athyglina sem átökin í Írak hafa fengið þótt daglega deyi fleiri í Afríku úr sjúkdómum sem vel eru læknanlegir.

Við Íslendingar erum nú í flokki þjóða sem búa við hvað bestan efnahag og brýnt er að framlagið til þróunarhjálpur sæmi stöðu okkar.

Glíman við berklana í öðrum löndum er dæmi um vettvang þar sem við Íslendingar getum látið að okkur kveða og nýtt reynsluna sem þjóðin öðlaðist á erfiðum tímum. Við kynntumst því mörg í æsku hvernig hvíti dauðinn eins og berklarnir voru gjarnan nefndir lék vonir og drauma einstaklinga, var vágestur á heimilum þúsunda um landið allt; ástvinir og ættingjar voru lokaðir inni á hælum árum saman; og margir létu lífið.

Baráttan við berklana varð hér að lokum árangursrík og kjörið dæmi um hvernig hugsjónin um lýðheilsu og samtakamáttur fólksins sjálfs í samvinnu við frábæra lækna og hjúkrunarfólk getur skipt sköpum.

Lýðheilsa á sér þannig djúpar rætur í íslenskri sögu, getur sótt innblástur og afl til sóknar í árangur þeirra sem áður voru í fararbroddi; en lýðheilsa þarf einnig á komandi árum að verða vegvísir sem eflir með okkur samkennd til að koma öðrum til hjálpar.

Með þá ósk í huga fagna ég eindregið að við höfum nú Íslendingar eignast lýðheilsuþing og ég óska ykkur öllum farsældar og árangurs við umræður og stefnumótun.